

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. júní 2015

Efni: Umsögn um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015 til 2018, mál 770

SVP - Samtök verslunar og þjónustu byrja á að þakka fyrir það tækifæri að funda með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hinn 2. júní sl. í kjölfar þess að mælt var fyrir samgönguáætlun fyrir árin 2015 – 2018, 770. mál, á Alþingi.

Í framhaldi af framangreindum fundi SVP með umhverfis- og samgöngunefnd vilja samtökin árétta helstu áherslur sínar sem kynntar voru á umræddum fundi og benda á þær áherslur sem taldar eru mikilvæg forsenda samkeppnishæfs samfélags, en sterkir innviðir og greiðar og öruggar samgöngur skipta samkeppnishæfni öllu máli.

SVP telja að fyrst og fremst að tryggja þurfi aukið fjármagn til meginstofnþátta og grunnstoða svo vegakerfið beri betur umferð og flutninga á þjóðvegum. Þá þarf einnig að tryggja aukið fjármagn í viðhald vega svo Vegagerðin geti sinnt nauðsynlegu viðhaldi en án alls vafa hefur vegakerfi landsins aldrei verið í verra ástandi en nú er raunin. Það skiptir sköpum að vegir, og sér í lagi flutningaleiðir, verði með nægjanlegt burðarþol allt árið um kring en þeir fjármunir sem Vegagerðinni er úthlutað í dag duga ekki til að tryggja slíkt ástand.

Þá telja SVP mikilvægt mikilvægt að ráðist verði í gerð Sundabrautar, enda er hún afgerandi og mikilvæg grunnstoð hvað varðar flutning vöru og aðfanga milli svæðishluta borgarinnar sem og út úr borginni. Létt væri á umferðarþunga á öðrum vegum, öryggi í samgöngum væri aukið með styttingu vegalengda og aukinni umferðarrýmd og að síðustu hagræði aukið í samgöngum og atvinnustarfsemi.

Að síðustu telja samtökin að til greina komi að fjármagna einstakar stórar framkvæmdir í vegakerfinu með notendagjöldum og ætti að leita þeirra leiða í stað aðgerðarleysis. Tryggja þarf að ákvörðun um slíkar framkvæmdir grundvallist á fyrirliggjandi upplýsingum hverju sinni, m.a. á útreikningum á hagkvæmni og samanburðar við opinbera framkvæmd, í stað þess að sá valkostur sé útilokaður án frekari upplýsinga eða umræðu og kosti slíkrar framkvæmdar.

Er framangreindum athugasemdum SVP hér með komið á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og gera samtökin að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við fyrirliggjandi samgönguáætlun. SVP áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda frekar um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

F.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Lísbet Einarsdóttir, forstöðumaður flutningasviðs.